

## **Svör við erindi velferðarnefndar Alþingis í tengslum við frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 (Félagsdómur).**

Með erindi velferðarnefndar Alþingis til ráðuneytisins, dags. 1. júní 2022, var fyrir hönd Hafðísar Hrannar Hafsteinsdóttur, fulltrúa í velferðarnefnd, óskað eftir því að ráðuneytið tæki saman minnisblað þar sem fjallað væri um eftirfarandi atriði og þau skýrð nánar:

1. Hvaða rök búi að baki þeirri ákvörðun um að skipan sumra dómara við Félagsdóm verði ótímabundin. Hvers vegna var það fyrirkomulag talið æskilegt og hvernig komist var að þeirri niðurstöðu.
2. Hvernig samræmist þetta og sé viðbragð við athugasemdum GRECO um skipan og tilnefningu Hæstaréttar í Félagsdóm?
3. Hver er afstaða ráðuneytisins til þess að skipa skuli alla dómara við Félagsdóm til fimm ára líkt og gildir um Endurupptökudóm?

### Spurning 1:

Með frumvarpinu er lagt til að þeir dómara sem tilnefndir eru af Hæstarétti verði skipaðir ótímabundið líkt og dómara við almenna dómstóla en slíkt fyrirkomulag er almennt talið til þess fallið að auka sjálfstæði og óhlutdrægni dómara.

Hafa ber í huga að í hverju máli sem rekið er fyrir Félagsdómi sitja fimm dómara. Þeir þrjú dómara sem samkvæmt gildandi lögum eru skipaðir eða tilnefndir af Hæstarétti sitja í öllum málum en það fer eftir aðild hvers máls hvaða dómara taka sæti sem fjórði og fimmti dómari. Þegar Félagsdómur dæmir í málum á grundvelli laga um stéttarfélög og vinnudeilur sem varða aðildarfélög ASÍ og Samtök atvinnulífsins taka sæti dómara sem hafa verið tilnefndir af þeim aðilum til þriggja ára í senn. Þegar Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka sæti dómara sem hafa verið tilnefndir á grundvelli þeirra laga til þriggja ára í senn, annars vegar af viðkomandi heildarsamtökum stéttarfélaganna og hins vegar fjármála- og efnahagsráðherra eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Sé stéttarfélag utan heildarsamtaka aðili máls fyrir Félagsdómi nefnir það sjálf dómara í það mál. Hið sama á við sé atvinnurekandi, sem er málsaðili, ekki félagi í Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er lagt til að þeir dómara sem sitja í öllum málum sem rekin eru fyrir Félagsdómi verði skipaðir ótímabundið í því skyni að tryggja enn frekar sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni. Aftur á móti þótti ekki tilefni til að leggja til samsvarandi breytingar á fyrirkomulagi við skipan þeirra dómara sem aðilar vinnumarkaðarins tilnefna í dóminn á grundvelli laga um stéttarfélög og vinnudeilur eða laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. framangreint.

### Spurning 2:

Í þeirri skýrslu GRECO sem vísað er til í frumvarpinu komu fram athugasemdir í tengslum við fyrirkomulag við tilnefningar og skipun dómara í Félagsdóm, sér í lagi þá dómara sem tilnefndir væru af Hæstarétti, og talið að tryggja þyrfti betur en nú er sjálfstæði, óhlutdrægni og gagnsæi dómsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar í því skyni að bregðast við gagnrýni GRECO en tillaga um ótímabundna skipan þeirra dómara sem tilnefndir eru af Hæstarétti þykir til þess fallin að tryggja enn betur sjálfstæði og óhlutdrægni dómsins.

### Spurning 3:

Líkt og fram hefur komið þykir tillaga um ótímabundna skipan þeirra dómara sem tilnefndir eru af Hæstarétti vera til þess fallin að tryggja enn betur sjálfstæði og óhlutdrægni Félagsdóms. Að mati ráðuneytisins er því ljóst að tillaga um tímabundna skipan framangreindra dómara til fimm ára í senn myndi síður koma til móts við þær athugasemdir GRECO sem frumvarpinu er ætlað að bregðast við.

Þá verður að mati ráðuneytisins jafnframt að líta til þess að frumvarpið er afrakstur vinnu nefndar sem var ásamt fulltrúum ráðuneytisins skipuð fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins sem eru þeir aðilar sem leggja ágreining fyrir Félagsdóm. Í ljósi þeirrar breiðu sáttar sem náðist um málið milli framangreindra aðila sem og í ljósi þeirra sjónarmiða sem rakin eru að framan telur ráðuneytið rétt að virða efnislega niðurstöðu nefndarinnar.